

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 88/1995.

Ósey hf.

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

gegn

Fiskmarkaði Breiðafjarðar hf.

(Klemenzt Eggertsson hdl.)

og gagnsök

Skaðabætur innan samninga. Fiskveiðiheimildir. Gjaldþrot. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1995. Hann krefst greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 848.803 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. október 1993 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. apríl 1995. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið samkomulag það, sem aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar á og gert var 21. ágúst 1993. Með samkomulaginu skuldbatt Stefán Hjaltason, eigandi Brimness, SH-717, sig gagnvart aðaláfrýjanda og tveimur öðrum aðilum til að færa yfir til gagnáfrýjanda aflakvóta af bátnum í hlutfalli við skuldir hans vegna viðskipta við þá. Jafnframt skuldbatt hann sig til að landa öllum afla hjá gagnáfrýjanda, sem síðan skyldi taka af aflaverðmætinu fyrir skuldunum og skila á rétta staði samkvæmt samkomulaginu. Eftir hverja greiðslu átti að flytja jafnóðum sama verðmæti í aflakvóta aftur yfir á Brimnes. Gagnáfrýjandi ritaði undir þetta samkomulag með aðilum þess.

Stefán Hjaltason var úrskurðaður gjaldþrota 23. september 1993, og var Brimnesi ekki haldið til veiða, frá því er samkomulagið var gert og til þess er það fór úr eigu þrotabúsins. Fiskistofa Íslands staðfesti 6. október 1993 móttöku tilkynningar um, að nánar ákveðnar aflaheimildir fiskveiðisársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 væru færðar af Brimnesi á Bárð, SH-81. Tilkynning þessi var undirrituð af Stefáni Hjaltasyni. Er hún sögð hafa verið send í lok ágústmánaðar. Afla Bárðar var landað hjá gagnáfrýjanda, án þess að hlutast væri til um, að aflaverðmæti væri skilað rétthafa samkvæmt samkomulaginu. Bar gagnáfrýjandi því við, að skiptastjóri þrotabúsins hefði krafist þess, að aflaheimildirnar yrðu allar endurfærðar yfir á Brimnes. Fiskistofa staðfesti síðan móttöku tilkynningar um þá ráðstöfun 2. febrúar 1994.

II.

Um nytjastofna fisks á Íslandsmiðum, heildarafla, úthlutun hans og yfirfærslu gilda lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Í 3. gr. eru ákvæði um, að sjávarútvegsráðherra skuli ákveða með reglugerð þann heildarafla, sem veiða má á ákveðnu tímabili úr einstökum nytjastofnum, ef nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar úr þeim. Í 7. gr. laganna segir, að veiðiheimildum skuli úthlutað til einstakra skipa. Skuli hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla fisktegundar. Nefnist hún aflahlutdeild skips, og á hún að haldast óbreytt milli ára. Þá segir þar, að aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ráðist af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla með ákveðnum nánar greindum takmörkunum. Á Fiskistofa að senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laganna fylgir aflahlutdeild skipi við eigendaskipti, og í 6. mgr. greinarinnar eru heimildir til, að framselja megi hlutdeildina til annars skips. Í 12. gr. er heimilað að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa, sem gerð eru út frá sömu verstöð. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. skal tilkynna Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa, og öðlast hann ekki gildi, fyrr en hún hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn. Annar flutningur aflamarks er óheimill nema með samþykki Fiski-

stofu að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

III.

Líta verður á áðurgreint samkomulag frá 21. ágúst 1993 í ljósi þeirra verðmæta, sem verið var að yfirfæra, og þeirra reglna, sem um þau gilda. Samkvæmt skjölum málsins voru Brimnes, SH-717, og Bárður, SH-81, gerð út frá sömu verstöð. Yfirfærður var hluti þess aflamarks, sem stjórnvöld úthlutuðu Brimnesi af þeim heildarafla, sem veiða mátti úr nytjastofnum á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994, í samræmi við gildandi aflahlut-deild bátsins.

Af samkomulaginu verður helst ráðið, að ætlunin hafi verið að stunda veiðarnar á Brimnesinu og landa aflanum hjá gagnáfrýjanda, sem síðan hafi átt að sjá um greiðslur Stefáns Hjaltasonar til aðaláfrýjanda. Aflamark bátsins hafi hins vegar átt að vera skrásett á annan bát, þar til afli af Brimnesinu væri kominn á land. Samkvæmt þessum skilningi fór samkomulagið í bága við skýr ákvæði laga nr. 38/1990, sem kveða svo á, að aflaheimildir liggi fyrir, áður en fiskur er veiddur, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna, og verði hann veiddur af því skipi, sem aflamark er fært til. Mátti líta á ráðagerð aðilanna sem tilraun til framsals á aflamarkinu einu sér án raunverulegrar yfirfærslu til annars skips í þeim tilgangi að tryggja viðsemjendum Stefáns Hjaltasonar greiðslu af veiddum afla.

Samkvæmt áður sögðu varð Stefán gjaldþrota 23. september 1993, og umráð skips og veiðiheimilda voru því komin í hendur protabúsins, áður en Fiskistofa staðfesti færslu aflamarksins 6. október sama ár. Yfirfærsla aflamarksins gat ekki orðið virk eftir gjaldþrotið nema fyrir atbeina skiptastjóra. Verður við það að miða, að gagnáfrýjanda hafi verið rétt að hlíta fyrir mælum hans. Gagnáfrýjandi braut því ekki gegn aðaláfrýjanda við færslu aflamarksins aftur yfir til Brimness 2. febrúar 1994 að kröfu skiptastjóra. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ósey hf., greiði gagnáfrýjanda, Fiskmarkaði Breiðafjarðar hf., 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 28. febrúar 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 31. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Vesturlands með stefnu, þingfestri 13. apríl 1994, af Ósey hf., 480487-1259, Lyngási 11, Garðabæ, á hendur Páli Ingólfssyni, kt. 140759-4499, Brautarholti 24, Ólafsvík, fyrir hönd Fiskmarkaðar Breiðafjarðar hf., kt. 601191-1219, Norðurtanga, Ólafsvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 848.803 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 5. október 1993 til greiðsludags, en til vara frá 20. október 1993 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

II.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem rekur vélaverkstæði og m. a. smíðar og setur upp tæki í skip, seldi Stefáni Hjaltasyni spil í bátinn Brimnes, SH-717 (skipanúmer 1927). Viðskipti þessi urðu um mánaðamót júlí-ágúst 1993. Jafnframt lét stefnandi setja spilið í bátinn að ósk Stefáns. Sundurliðaður reikningur stefnanda er að fjárhæð 848.803 kr.

Stefnandi kveðst hafa auk tveggja annarra kröfuhafa, þjónustufyrirtækjanna Skipavíkur h/f, Stykkishólmi, og Netagerðar Aðalsteins h/f, krafist tryggingar fyrir greiðslum, en Stefán Hjaltason skuldaði þeim fé vegna útgerðar sinnar.

Hinn 21. ágúst 1993 gerði Stefán Hjaltason sem verkkaupi samkomulag við stefnanda, Netagerð Aðalsteins h/f og Skipavík h/f, Stykkishólmi. Samkomulag þetta hljóðar svo: „Til tryggingar og til greiðslu skuldar verkkaupa við verkseljendur skuldbindur verkkaupi sig til að yfirfæra til Fiskmarkaðar Breiðafjarðar h/f aflakvóta (leigukvóta) af Brimnesi, SH-717, sem samsvarar heildarskuld verkkaupa við verkseljendur, eins og hún er nú. Verðmæti kvótans skal miðast við almennt leiguverð, eins og það er nú.

Verkkaupi skuldbindur sig til að landa öllum afla á Fiskmarkaði Breiðafjarðar h/f, og skal Fiskmarkaður Breiðafjarðar h/f taka 30% af aflaverð-

mæti og skila verkseljendum þannig, að hver verkseljandi fái 10% af aflaverðmæti, þar til skuldin er uppgreidd hjá hverjum fyrir sig. Heildarprósenta skal lækka um 10 prósentustig, þegar einhver verkseljandi er upp gerður. Eftir hverja greiðslu skal Fiskmarkaður Breiðafjarðar h/f yfirfæra sama verðmæti í aflakvóta yfir á Brimnes, SH-717, aftur.“

Samkomulag þetta var undirritað af verkkaupa, verkseljendum og Fiskmarkaði Breiðafjarðar h/f.

Fiskistofu var með símbréfi 28. eða 29. ágúst 1993 send umsókn um staðfestingu á flutningi aflamarks milli skipanna Brimness, SH-717, og Bárðar, SH-81. Hinn 6. október 1993 staðfesti Fiskistofa móttökutilkynningar um, að ms. Brimnes, SH-717 (1927), færði yfir til ms. Bárðar, SH-81 (1954), eftirfarandi aflaheimildir fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994:

Porskur	57.400 kílógr.
Ýsa	21.000 kílógr.
Ufsi	2.400 kílógr.
Skarkoli	0 kílógr.

Ms. Bárður landaði síðan afla sínum hjá Fiskmarkaði Breiðafjarðar h/f, án þess að stefndi fengi nokkuð af aflaverðmæti bátsins.

Stefán Hjaltason var úrskurðaður gjaldþrota af Héraðsdómi Vesturlands 21. september 1993.

Skiptastjóri þrotabúsins, Brynjar Níelsson hdl., gerði síðan kröfu um, að aflakvótanum yrði skilað til þrotabúsins og færður aftur yfir á ms. Brimnes, SH-717. Varð stefndi við þeim tilmælum. Stefnandi kveður, að 25. janúar 1994 hafi þrotabú Stefáns Hjaltasonar afsalað Brimnesi, SH-717, Isberg Ltd. Stefnandi kveður fram koma á aflalistum frá Fiskistofu, að aflaheimildir hafi verið keyptar sérstaklega í því skyni að geta orðið við þessum tilmælum. Sama dag gaf kaupandi út skaðleysisyfirlýsingu vegna kvótaflutningsins.

III.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi ekki haldið eftir neinu af aflaverðmæti ms. Bárðar, SH-81, til þess að greiða skuld Stefáns Hjaltasonar við stefnanda, er honum hafi borið að gera. Með því hafi stefndi vanefnt skuldbindingar þær, sem hann hafi gengist undir gagnvart stefnanda með samkomulaginu frá 21. ágúst 1993.

Stefnandi kveður það hafa verið forsendu og ákvörðunarástæðu fyrir því, að hann hafi unnið verkið fyrir Stefán Hjaltason, að greiðsla væri tryggð með þeim hætti, sem í samkomulaginu greini, vegna fyrri reynslu af viðskiptum við Stefán Hjaltason. Stefnda hafi verið kunnug þessi forsenda og

hafi með undirritun sinni undir samkomulagið lofað að inna greiðslur af hendi.

Stefnandi kveður vinnu þá, sem hann hafi innt af hendi, hafa verið nauðsynlega til að búa skipið til veiða og til þess fallna að auka verðmæti skipsins. Engum tilkynningum hafi verið beint til stefnanda um, að kvótayfirfærslunni væri rift, heldur hafi stefndi nýtt sér veiðiheimildirnar og tekið við greiðslum fyrir aflann. Með þessu hafi samkomulagið verið staðfest í verki að öðru leyti en því að inna af hendi greiðslur til stefnanda. Hafi þetta valdið stefnanda tjóni, sem nemi stefnufjárhæð. Beri stefndi ábyrgð á því tjóni samkvæmt reglum um skaðabætur innan samninga.

Stefnandi vísar til reglna skaðabótaréttar og samningalaga kröfum sínum til stuðnings. Enn fremur vísar stefnandi til 129. gr. laga nr. 91/1991, laga nr. 25/1987 og laga nr. 50/1988 með síðari breytingum.

Stefndi kveður eiganda ms. Bárðar, SH-81, ekki hafa haft hugmynd um, að aflakvóti ms. Brimness hefði verið færður yfir á bát hans. Kveður stefndi, að eftir að aflakvóta ms. Brimness, SH-717, hafi verið skilað, að ósk skiptastjóra, hafi verið keyptur aflakvóti fyrir ms. Bárð, SH-81. Hafi báturinn því aldrei veitt ofangreindan aflakvóta Brimness, SH-717. Landaður afli sé ekki merktur sérstaklega einhverjum aflakvóta. Umræddur aflakvóti ms. Brimness, SH-717, hafi verið veiddur af þeim bát, en ekki af ms. Bárði, SH-81.

Stefndi heldur því og fram, að óheimilt hafi verið að afhenda aðilum samkomulagsins aflaverðmæti ms. Brimness, SH-717, þar sem með því hefði stefndi stuðlað að því að mismuna kröfuhöfum í protabúi Stefáns Hjaltasonar og sú ráðstöfun riftanleg samkvæmt ákvæðum XX. kafla gjaldprotaskiptalaga nr. 21/1991. Stefnandi hafi því ekki orðið fyrir neinu tjóni. Forsendur samkomulagsins hafi brostið, þegar Stefán Hjaltason hafi verið úrskurðaður gjaldþrota.

Þá bendir stefndi á, að eins og atvik hafi þróast, sé ósanngjarnt, að stefnandi beri fyrir sig samkomulagið, og beri því að víkja því til hliðar í heild sinni samkvæmt 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Um lagarök vísar stefndi til reglna samningaréttar um forsendubrest.

Þá vísar stefndi til 36. gr. laga nr. 7/1936 og XX. kafla laga nr. 21/1991.

Kröfu um málskostnað styður stefndi 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð málsins féll stefndi frá þeirri málsástæðu, að stefnandi væri ekki aðili málsins.

Samkvæmt fram lögðu samkomulagi var færður kvóti af bát Stefáns Hjaltasonar, Brimnesi, SH, yfir á Bárð, SH. Stefndi, Fiskmarkaður Breiðafjarðar hf., einn aðili samkomulagsins, útvegaði þann bát. Samkomulagið var gert til þess að tryggja, að Stefán Hjaltason greiddi skuld m. a. við stefnda. Skylda stefnda samkvæmt áðurnefndu samkomulagi fólst í því að annast greiðslur til stefnanda, Skipavíkur hf. og Netagerðar Aðalsteins hf. af aflaverðmæti Brimness, SH. Bátur Stefáns Hjaltasonar fór hins vegar aldrei til veiða, þar sem Stefán var úrskurðaður gjaldþrota skömmu síðar, 21. september s. á. Við gjaldþrotaúrskurðinn var Stefán, einn aðili samkomulagsins, ekki lengur bús síns ráðandi. Búið gerði ekki út bátinn, og ákvað skiptastjóri þrotabúsins að selja hann og krafði stefnda um hinn yfirfærða kvóta. Ekki verður talið, að þrotabúinu hafi verið skylt að gera út bátinn og því ekki nauðsyn á af hálfu þrotabúsins að lýsa yfir riftun samningsins.

Með því að einum aðila samkomulagsins, þ. e. Stefáni Hjaltasyni, var við gjaldþrotaúrskurðinn orðið ókleift að standa við samkomulagið, verður ekki talið, að stefndi hafi með því að skila kvótanum að kröfu skiptastjóra brotið samkomulagið og þar með valdið stefnanda tjóni. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskmarkaður Breiðafjarðar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Óseyjar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
